

190

19. nóv.

5. gr.

Stjórnin skal hafa gerðabók, er í skulu færðir reikningar sjóðsins og allt annað, sem hann snertir.

Minningargjafir, sem sjóðnum kunna að hlotnast, skulu auk þess skráðar í sérstaka bók, sem geymd sé í kirkjunni á Staðarfelli.

Endurskoðun á reikningum sjóðsins skal einhver ættingi framan nefndra hjóna hafa á hendi og sé hann kosinn árlega.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands eða annars staðar, þar sem stjórn hans telur fulltryggilegt. Reikningsár hans er almanaksárið. Skulu reikningar hans endurskoðaðir leggjast fyrir sagnaðarmenn til samþykktar á kirkju-fundi um leið og stjórnarkosning fer fram.

7. gr.

Þegar þessi skipulagsskrá hlýtur staðfestingu, fellur hin eldri, frá 25. maí 1920, úr gildi.

Skógum, 1. október 1942.

Jóhann Jónasson. Guðni Jónasson.

191

24. nóv.

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki.

1. gr.

Sölubúðum á Sauðárkróki skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undan-tekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaga fyrir páska og hvítasunnun eigi síðar en kl. 5 síðdegis. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 9 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði, mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17.

júni og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri. 191
24. nóv.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja, eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálf sölum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í hreppssjóð Sauðárkrókshrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1942.

F. h. r.

E. u.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

192

24. nóv.

um starfsháttu lækna ráðs.

1. gr.

Lækna ráð velur úr sínum hópi ritara og vararitari.

Ritari heldur gerðabók lækna ráðs í heild og undirskrifar ásamt forseta erindi þau, er hann ritar í umboði ráðsins.

Lækna ráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða starfsmann utan ráðsins til að hafa á hendi skjalavörzlu, gerðabókaritun og önnur ritstörf fyrir ráðið.

2. gr.

Lækna ráð starfar í þrem þriggja manna deildum:

1. **Réttarmáladeild.** Hún er skipuð kennaranum í réttarlæknisfræði við háskólann, sem er formaður deildarinnar, yfirlækni geðveikrahælis ríkisins og yfirlækni handlæknisdeildar Landspítalans.
2. **Heilbrigðismáladeild.** Hún er skipuð landlækni, sem er formaður deildarinnar, kennaranum í heilbrigðisfræði við háskólann og yfirlækni lyflæknisdeildar Landspítalans.
3. **Síðamáladeild.** Hún er skipuð lækna ráðsmanni sérstaklega til þess kjörnum af lækna ráði, og er hann formaður deildarinnar, kennaranum í réttarlæknisfræði við háskólann og formanni Læknafélags Íslands.